

Hagnaður N1 441 milljón króna á 2. ársfjórðungi 2017

Helstu niðurstöður

- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 768 m.kr. á 2F 2017 samanborið við 1.104 m.kr. á 2F 2016
- Framlegð af vörusölu minnkaði um 8,0% á 2F 2017 sem skýrist að mestu af óhagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði með olíu
- Þróun á heimsmarkaðsverði með eldsneyti og styrking ISK hafði neikvæð áhrif á 2F 2017 samanborið við jákvæð áhrif á 2F 2016
- Selt magn af bensíni og gasolíu jókst um 5,5% á milli ára vegna aukinna umsvifa í hagkerfinu
- Umferð á þjóðvegum landsins jókst um 11,4% á milli 2F 2017 og 2F 2016
- Eigið fé var 12.471 m.kr. og eiginfjárlutfall 46,4% í lok 2F 2017

Púsundir króna	2F 2017	2F 2016	Breyt.	% Breyt.	6M 2017	6M 2016	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Framlegð af vörusölu	2.795.744	3.038.767	-243.023	-8,0%	5.100.987	5.117.595	-16.608	-0,3%
Aðrar rekstrartekjur	98.732	95.391	3.341	3,5%	201.489	187.894	13.595	7,2%
EBITDA	768.254	1.103.882	-335.628	-30,4%	1.289.259	1.477.510	-188.251	-12,7%
EBIT	525.923	926.460	-400.537	-43,2%	803.966	1.127.072	-323.106	-28,7%
EBT	525.910	892.947	-367.037	-41,1%	795.059	1.037.418	-242.359	-23,4%
Hagnaður tímilsins	441.205	711.933	-270.728	-38,0%	666.149	831.428	-165.279	-19,9%
Efnahagsreikningur								
Birgðir					3.166.299	3.252.548	-86.250	-2,7%
Viðskiptakröfur					3.242.427	3.245.204	-2.776	-0,1%
Vaxtaberandi skuldir					7.100.000	6.370.000	730.000	11,5%
Handbært fé					2.394.175	1.476.100	918.074	62,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir					4.736.210	4.970.110	-233.899	-4,7%
Sjóðstreymi								
Handbært fé frá rekstri	1.392.859	193.302	1.199.557	620,6%	1.229.186	776.126	453.060	58,4%
Fjárfestingahreyfingar	-2.552	-244.422	241.870	-99,0%	-173.235	-494.900	321.665	-65,0%
Fjármögnunarahreyfingar	-845.466	-1.129.590	284.124	-25,2%	-941.221	-1.282.470	341.249	-26,6%
Handbært fé í lok tímabils	2.394.175	1.476.100	918.075	62,2%	2.394.175	1.476.100	918.075	62,2%
Lykiltölur								
EBITDA/framlegð	27,5%	36,3%	-8,8%	-24,4%	25,3%	28,9%	-3,6%	-12,5%
Eiginfjárlutfall					46,4%	37,5%	8,9%	0,23733
Laun/framlegð	42,2%	34,9%	7,2%	20,7%	44,0%	40,2%	3,8%	9,4%
Hagnaður á hlut	1,76	2,03	-0,27	-13,3%	2,66	2,38	0,29	12,2%
Arðsemi eigin fjár					10,8%	22,6%	-11,8%	-52,2%
Fjárfestingar	-404.267	-586.164	181.897	31,0%	-404.267	-586.164	181.897	-31,0%
Veltuhraði birgða	7,81	8,15	-0,34	-4,2%	6,97	7,35	-0,38	-5,2%

Púsundir króna	2F 2017	2F 2016	Breyt.	% Breyt.	6M 2017	6M 2016	Breyt.	% Breyt.
Markaðshlutdeild án JET *	30,1%	32,5%	-2,4%	-7,2%	30,5%	33,2%	-2,7%	-8,2%
Markaðshlutdeild bensín	31,2%	32,0%	-0,8%	-2,3%	31,4%	30,7%	0,7%	2,4%

* JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti

Rekstur annars ársfjórðungs

Púsundir króna	2F 2017	2F 2016	Breyt.	% Breyt.	6M 2017	6M 2016	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Framlegð af vörusölu	2.795.744	3.038.767	-243.023	-8,0%	5.100.987	5.117.595	-16.608	-0,3%
Aðrar rekstrartekjur	98.732	95.391	3.341	3,5%	201.489	187.894	13.595	7,2%
Laun og annar starfsmannakostnaður	-1.178.497	-1.061.141	117.356	11,1%	-2.243.621	-2.057.745	-185.876	9,0%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-567.463	-553.803	13.660	2,5%	-989.901	-982.781	-7.120	0,7%
Annar rekstrarkostnaður	-380.261	-415.332	-35.071	-8,4%	-779.694	-787.452	7.758	-1,0%
EBITDA	768.254	1.103.882	-335.628	-30,4%	1.289.259	1.477.511	-188.252	-12,7%

EBITDA á 2F 2017 var 768 m.kr. samanborið við 1.103 m.kr. á 2F 2016 en lækkunin skýrist að mestu af óhagstæðri þróun á heimsmarkaðsverði olíu og hærri launakostnaði. Verð á bensíni lækkaði um 9,8% á 2F 2017 og verð á gasolíu lækkaði um 7,0% á sama tímabili á meðan verð á bensíni hækkaði um 6,5% og verð á gasolíu hækkaði um 31,1% á sama tímabili 2016. Samningsbundnar launahækkanir skýra að mestu hærri launa- og starfsmannakostnað á öðrum ársfjórðungi 2017 miðað við sama tímabil 2016 ásamt fjölgun stöðugilda vegna aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði.

Tekjur á öðrum ársfjórðungi

Púsundir lítra / velta í öðrum vörum í púsundum króna	2F 2017	2F 2016	Breyt.	% Breyt.	6M 2017	6M 2016	Breyt.	% Breyt.
Selt magn - bensín	15.941	15.894	47	0,3%	28.582	27.908	674	2,4%
Selt magn - gasolía	26.097	23.950	2.148	9,0%	45.652	41.547	4.105	9,9%
Selt magn - heild án JET	59.367	58.505	862	1,5%	100.554	108.487	-7.932	-7,3%
Velta annarra vara	2.876.095	2.808.352	67.743	2,4%	5.171.723	5.014.286	157.437	3,1%
Framlegð eldsneytis	1.438.066	1.747.656	-309.590	-17,7%	2.670.189	2.853.482	-183.293	-6,4%
Framlegð annarra vara	1.357.678	1.291.111	66.567	5,2%	2.430.798	2.264.113	166.685	7,4%

	2F 2017	2F 2016	Breyt.	% Breyt.	6M 2017	6M 2016	Breyt.	% Breyt.
Markaðshlutdeild án JET *	30,1%	32,5%	-2,4%	-7,2%	30,5%	33,2%	-2,7%	-8,2%
Markaðshlutdeild bensín	31,2%	32,0%	-0,8%	-2,3%	31,4%	30,7%	0,7%	2,4%

* JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti

Selt magn án JET jókst um 1,5% á 2F 2017 samanborið við 2F 2016. Selt magn í sjávarútvegi var minna á 2F 2017 á meðan erlend sala jókst samanborið við 2F 2016. Selt magn af bensíni og gasolíu jókst um 5,5% á milli 2F 2017 og 2F 2016 sem skýrist af auknum umsvifum í hagkerfinu en aukning umferðar á þjóðvegum landsins var 11,4% á 2F 2017 samanborið við sama tímabil 2016. Aukning í sölu á bensíni og gasolíu var minni en áætlanir gerðu ráð fyrir vegna aukinnar samkeppni á einstaklingsmarkaði og minni sölu til ferðamanna en gert hafði verið ráð fyrir. Þróun á heimsmarkaðsverði olíu skýrir að mestu að framlegð á seldan lítra eldsneytis á 2F 2017 er lægri en á 2F 2016 en styrking ISK gagnvart USD og aukin samkeppni á einstaklingsmarkaði hafði einnig áhrif til lækkunar. Heimsmarkaðsverð á bensíni lækkaði um 9,8% á 2F 2017 og verð á gasolíu lækkaði um 7,0% á sama tímabili á meðan verð á bensíni hækkaði um 6,5% og verð á gasolíu hækkaði um 31,1% á sama tímabili 2016. Breytt

samsetning sölu eldsneytis á 2F 2017 miðað við 2F 2016 hafði áhrif áhrif til lækkunar á framlegð á seldan lítra eldsneytis.

Framlegð annarra vara jókst um 5,2% sem skýrist að mestu að auknum umsvifum í bílaþjónustu. Aukning í framlegð sem hlutfalli af sölu skýrist af breyttri sölusamsetningu á 2F 2017 miðað við 2F 2016.

Rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi

Púsundir króna	2F 2017	2F 2016	Breyt.	% Breyt.
Launa- og starfsmannakostnaður	-1.178.497	-1.061.141	117.356	11,1%
Sölu- og dreifingarkostnaður	-567.463	-553.803	13.660	2,5%
Annar rekstrarkostnaður	-380.261	-415.332	-35.071	-8,4%

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf á 2F 2017 var 555 en var 534 á 2F 2016 en fjölgun stöðugilda er vegna aukinna umsvifa á einstaklingsmarkaði og í bílaþjónustu. Fjölgun stöðugilda ásamt samningsbundnum launahækkunum skýra að mestu hærri launa- og starfsmannakostnað á 2F 2017 miðað við sama tímabil 2016. Sölu- og dreifingarkostnaður var 2,5% hærri á 2F 2017 heldur en á 2F 2016. Annar rekstrarkostnaður lækkar um 8,4% á 2F 2017 miðað við 2F 2016 en lækkunin er að mestu tilkomin vegna lækkunar á niðurfærslu viðskiptakrafna.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur voru lægri á 2F 2017 en á sama tímabili árið á undan vegna lægri stöðu handbærs fjár og lægri innlánsvaxta. Fjármagnsgjöld eru lægri á 2F 2017 samanborið við 2F 2016 vegna lægri vaxta af langtímaláni. Gengistap vegna þróunar á gengi USD var 16 m.kr. á 2F 2017 en á 2F 2016 var gengishagnaður 8 m.kr. Afkoma hlutdeildarféлага var hærri á 2F 2017 en á 2F 2016.

Púsundir króna	2F 2017	2F 2016	Breyting	% Breyting
Fjármunatekjur	13.282	27.055	-13.773	-50,9%
Fjármagnsgjöld	-101.491	-118.470	-16.979	-14,3%
Gengismunur	-16.197	8.285	-24.482	-295,5%
Áhrif hlutdeildarféлага	104.982	62.286	42.696	68,5%
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	-588	-12.669	12.081	-95,4%
Samtals	-13	-33.513	33.500	-100,0%

Efnahagur og fjárhagsleg staða

Púsundir króna	6M 2017	6M 2016	Breyting	% Breyting
Birgðir	3.166.299	3.252.548	-86.250	-2,7%
Viðskiptakröfur	3.242.427	3.245.204	-2.776	-0,1%
Vaxtaberandi skuldir	7.100.000	6.370.000	730.000	11,5%
Handbært fé	2.394.175	1.476.100	918.074	62,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir	4.736.210	4.970.110	-233.899	-4,7%
Eiginfjárhlutfall	46,4%	37,5%	8,9%	23,7%
Veltuhraði birgða	6,97	7,35	-0,38	-5,2%

Handbært fé hækkar um 62,2% á milli 2F 2016 og 2F 2017. Fjárfestingar á 2F 2017 voru 195 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til söluverðs seldra rekstrarfjármuna. Nettó vaxtaberandi skuldir eru lægri í lok júní 2017 en á sama tíma 2016 vegna hærri stöðu handbærs fjár.

Fyrirhuguð kaup N1 á Festi

Þann 9. júní sl. undirrituðu N1 hf. og SF V slhf. samkomulag um helstu skilmála fyrirhugaðra kaupa N1 hf. á öllu útgefnu hlutafé í Festi hf. sem rekur 28 verslanir undir merkjum Krónunnar, ELKO, Nóatúns og Kjarvals, auk þess að eiga 17 fasteignir sem eru ýmist leigðar út til verslana félagsins eða þriðja aðila. Heildarvelta Festi hf. á rekstrarárinu 2016, sem lauk 28. febrúar 2017, var rúmlega 39 milljarðar kr. Viðskiptin er háð skilyrðum um að samkomulag náist um endanlegan kaupsamning, að stjórn og hluthafar samningsaðila samþykki kaupin, niðurstöður áreiðanleikakönnunar og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Samkvæmt samkomulaginu er heildarvirði Festi hf. 37,9 milljarðar kr., en endanlegt kaupverð mun ráðast af skuldastöðu félagsins við afhendingu. Gerð er nánari grein fyrir helstu forsendum viðskiptanna í tilkynningu N1 hf. til Kauphallarinnar 9. júní sl. Vinna við áreiðanleikakönnun er langt komin og viðræður um kaupsamning í gangi. Stefnt er að niðurstöðu fyrir lok 3F 2017. Gangi viðskiptin eftir er gert ráð fyrir að þeim ljúki á 1. ársfjórðungi næsta árs.

Horfur í rekstri N1 hf. og EBITDA spá 2017

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna á árinu 2017
- Innlendar kostnaðarhækkunar munu hafa áhrif á reksturinn þrátt fyrir lága verðbólgu sem gerir fyrirtækjum erfitt fyrir á samkeppnismörkuðum eins og þeim sem félagið starfar á
- Órói á olíumörkuðum mun valda sveiflum á framlegð og fjárbindingu

EBITDA spá fyrir árið 2017 er óbreytt og gerir ráð fyrir að EBITDA muni verða á bilinu 3.500 – 3.600 m.kr. að undanskildum kostnaði við fyrirhuguð kaup á Festi hf.

Sú spá byggir á því að olíuverð verði tiltölulega stöðugt og að gengi USD/ISK verði í kringum 110. Rekstur félagsins er sveiflukenndur og fellur stærsti hluti EBITDA til á 2. og 3. ársfjórðungi.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok júní 2017 nam 29,8 milljörðum króna
- Arður að fjárhæð 750 m. kr. eða 3 kr. á hlut var greiddur hluthöfum 6. apríl 2017

Kynningarfundur fimmtudaginn 24. ágúst 2017

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn fimmtudaginn 24. ágúst 2017 í höfuðstöðvum N1 að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Kristófersson, forstjóri, mun kynna afkomuna og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 8:30 og verður boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu N1: <http://www.n1.is/um-n1/fjarfestar/> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Fjárhagsdagatal

- Árshlutareikningur 3F 2017: 25. október 2017
- Ársreikningur 2017: 21. febrúar 2017
- Aðalfundur 2018: 21. mars 2018
- Nánari upplýsingar veita Eggert Kristófersson, forstjóri, (eggert@n1.is) og Pétur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (petur@n1.is).